

laun til skipaðs verjanda síns í máli þessu, Magnúsar Thorlacius hrl., 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1948.

Nr. 7/1948. **Réttvísín** (Hrl. Gunnar Möller)
gegn

Haraldi Kjartanssyni

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að ákærði hafi framið þjófnað þann, er í málinu greinir. Með dómi auka-réttar Reykjavíkur 16. júlí 1947 var ákærði dæmdur til að sæta 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. málsg. 247. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Fyrir það afbrot ákærða, er mál þetta fjallar um og framið var fyrir 16. júlí 1947, verður honum því aðeins dæmdur hegningarauki samkvæmt 78. gr. hegningarlaganna. Þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi 2 mánuði. Að öðru leyti þykir mega stað-festa hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæsta-rétti, 600 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Haraldur Kjartansson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málkostnað og svipt-ingu réttinda skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gústafs A. Sveinssonar, 600 krón-ur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 12. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4681/1947: Réttvisin gegn Haraldi Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 20. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Haraldi Kjartanssyni járnsmið, Melshúsi við Einarsstaði hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. september 1906 að Prestshúsum í Hvammshreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1934 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 6. sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928. Náðaður $1\frac{1}{2}$ 1937.
- 1936 $2\frac{1}{2}$ Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 og 50 kr. skaðabætur. Náðaður $1\frac{1}{2}$ 1937.
- 1938 $\frac{5}{8}$ Dómur sama réttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1938 $\frac{7}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928.
- 1939 $3\frac{1}{10}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
- 1944 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1946 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir tékksvik. Fellt niður, með því að kærði innleysti kröfuna með 100 krónum.
- 1946 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og sviptur ökuskirteini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1946 $1\frac{1}{2}$ Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðaaakstur.
- 1946 $2\frac{1}{10}$ Reykjavík, sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1947 $2\frac{1}{4}$ Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið og vanskil á ökugjaldi. Lokið með því að kærði greiddi kröfuna.
- 1947 $1\frac{6}{7}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.
- 1927 $2\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Ísafjarðar, 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230 gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þessir:

29. ágúst s. l. tilkynnti Ingimar Þorsteinsson járnsmiður, Kapla-skjólsvogi 11 hér í bæ, rannsóknarlögreglunni, að nokkra undanfarna mánuði hefðu ýms verkfæri horfið úr járnsmiðju hans á Nýlendugötu 14 hér í bæ. Um mánaðamótin apríl—maí s. l. hefði rafmagnsborvél horfið þaðan, snemma í ágúst biltjakkur og pumpa, seinustu vikurnar alls konar skrúflyklar og skífumál og um næstu helgi á undan rafmagnsslipivél, allt að 1000 króna virði.

Hafi Kristján Hafsteinn Ólafsson járnsmiður, Brekkustíg 4 hér í bæ, átt rafmagnsborvélinu, og hefur hann borið það, að hann hafi keypt hana í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2 hér í bæ s. l. vetur, ekki síðar en í marz, en hann man ekki, hvort það var fyrir eða eftir áramót. Minnir hann, að maður að nafni Sigurgeir Kristjánsson hafi afgreitt hann, en man ekki til þess að aðrir væru þá viðstaddir. Verð vélarinnar hafi verið 304 krónur, og hafi hann haft orð á því við afgreiðslumanninn, hvers vegna hann hefði það ekki 5. Kaupverðið hafi hann greitt þegar í stað og ekki fengið neina sölunótu. Hann hafi notað vélinu lítið sem ekkert og haft hana fyrstu 3—4 mánuðina heima hjá sér, en þá fékk hann að geyma hana í litilli ólæstri skrifstofukompu í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar á Nýlendugötu 14, og var kompani aðeins afþiljaður hluti af járnsmiðjunni. Var því greiður gangur fyrir starfsmennina í járnsmiðjunni inn í kompuna. Karl Kristján Hafsteinn kveður, að vélin hafi þá verið lykilslaus, og hafi hann sjálfur geymt lykilinn. Þá hafi hann verið búinn að taka hina amerísku kló, sem hafi verið á snúru vélarinnar, og setja í staðinn kló, sem hann hafi átt í fórum sínum frá gamalli tíð. Hann og Ingimar Þorsteinsson hafa báðir borið það, að nokkrum dögum eftir að vélin hafi verið lögð í kompuna, hafi sá fyrrnefndi ætlað að vitja hennar þar, en þá hafi hún verið horfin. Hafi þetta verið um mánaðamót apríl og maí, en þó máske nokkru fyrir eða eftir þau.

Laust fyrir mánaðamót ágúst—september s. l. frétti Ingimar, að einn af starfsmönnum hans, ákærði Haraldur Kjartansson, hefði sett rafmagnsborvél að handveði í Söluskálanum við Lindargötu hér í bæ, og sagði hann Karli Kristjáni Hafsteini frá þessu. Komust þeir að raun um, að það var rétt, að ákærði hafði sett þar rafmagnsborvél að handveði. Skoðuðu þeir Ingimar og Karl Kristján Hafsteinn vélinu, og taldi sá síðarnefndi að þetta væri vél sín, er hann hafði fengið að geyma hjá hinum fyrrnefnda. Leiddi þetta til þess, að málið var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar, sem tók vélinu í vörzlur sínar.

Karl Kristján Hafsteinn hefur borið það, að hann sjái ekki betur en að vél sú, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, sé eins og vélin, sem hann geymdi í kompunni á Nýlendugötu 14, og sé á henni kló sú, sem hann hafi sett á sína vél. Hefur hann lagt fram ameríska kló, sem hann kveðst hafa tekið af rafmagnssnúru vélarinnar, og aðra kló, sem hann telur sömu tegundar og sams konar

og kló sú, sem nú sé á rafmagnssnúrunni, og loks lykilinn að vél-inni.

Ingimar Þorsteinsson kveðst aldrei hafa séð borvélina, sem Karl Kristján Hafsteinn fékk að geyma hjá honum, og geti hann því ekki borið um, hvort það sé vél sú, sem ákærði setti að handveði í Sölu-skálanum.

Karl Kristján Hafsteinn hefur borið það, að tveimur eða þremur dögum eftir að hann gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um mál þetta, hafi ákærði komið til hans á vinnustað hans í Hamri hér í bæ. Þar hafi þeir vegna hávaða í vél farið afsíðis inn á salerni til að geta talast við og hafi engir vottar verið við. Í samtali þessu hafi ákærði sagt þessa setningu: „Nú ertu búinn að finna helvítis vélina þína.“ Hafi ákærði lagt fast að honum að breyta framburði sínum í málinu, þannig, að hann segði, að við nánari athugun sæi hann, að þetta væri ekki borvél hans. Hafi ákærði lýst því átakan-lega, hvað það væri voðalegt fyrir hann að lenda í máli þessu. Í lok samtalsins hafi ákærði sagt: „Þú getur þó alltaf sagt, að þú hefðir lánað mér hana (þ. e. borvélina) í fyllirii.“

Karl Kristján Hafsteinn hefur unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur unnið í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar við og við í 15—16 ár og að staðaldri s. l. 3 ár, þar á meðal á þeim tíma, þegar borvél Karls Kristjáns Hafsteins hvarf þaðan. Ákærði kveðst hafa vitað af því, að hann átti borvél geymda um þetta leyti í ólæstri skrifstofukompu í smiðjunni, en hefur eindregið neitað því að vera valdur að hvarfi hennar eða að hann hafi tekið nokkra muni að ófrjálsu úr járnsmiðju Ingimars. Ákærði skýrir frá því, að hann hafi oft komið í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2, einkum í erindum fyrir Ingimar til að kaupa bolta og skrúfur, en einnig einstöku sinnum í eigin erindum. Hann hafi, að hann minnir, í ágúst eða eitthvað fyrr um sumarið 1946 keypt rafmagns-borvél fyrir sjálfan sig í nefndri sölubúð fyrir 260—270 krónur. Hafi hann greitt kaupverðið út í hönd og enga sölunótu fengið, en hann muni ekki hver afgreiddi hann eða hvort nokkrir aðrir hafi þá verið viðstaddir. Hann hafi notað vélina lítils háttar heima hjá sér, en hvergi annars staðar. Nokkru eftir kaup vélarinnar hafi hann sett hana Sigurði Berndsen kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, að handveði fyrir 100 króna láni, sem hann hafi fengið hjá honum. Hafði hann þá ekki skipt um lit á vélinni eða breytt henni á nokkurn hátt, að því undanteknu, að hann hafi verið búinn að setja sjálfur nýja kló á rafmagnssnúruna við hana, því að klóin, sem upphaflega hafi fylgt henni, hafi verið fyrir ameríska stungu, svo og af því, að hann hafi viljað fá lengri snúru, sem þó varð ekki úr. Hann kveðst ekki muna hvar eða hvenær hann fékk hina nýju kló, en hann hafi verið búinn að eiga hana í nokkurn tíma. Vélin hafi verið hjá Sigurði þangað til snemma s. l. vor, og nokkrum dögum eftir, eða rétt strax á eftir að hann skilaði ákærða henni,

hafi ákærði sett hana ásamt skrúfstykki að handveði hjá Hjálmtyr Guðvarðarsyni í Söluskálanum á Klapparstig hér í bæ fyrir 200 krónum, að því ákærða hefur minnt. Hjálmtyr Guðvarðarson og Einar Björn Sigvaldason, starfsmaður hans, hafa hins vegar borið, að samkvæmt bókum Söluskálans hafi 150 krónur verið greiddar 15. apríl s. l. fyrir „bor og fl.“, og hafi peningar ekki í annað skipti verið greiddir út á borvél. Hljóti því hér að vera átt við borvél ákærða, og hefur ákærði ekki viljað véfengja þessa frásögn þeirra.

Nokkru síðar kom ákærði aftur til Hjálmty's og var þá með hnakk meðferðis, sem hann afhenti honum gegn 100 króna greiðslu, en borvélinu leysti hann ekki út. Fjallar seinasti refsidómur ákærða frá 16. júlí s. l. einmitt um hnakk þenna, sem ákærði átti ekki og veðsetti án heimildar.

Ákærði kveður, að 1. september s. l. hafi Ingimar Þorsteinsson skýrt honum frá því, að Karl Kristján Hafsteinn teldi sig vera búinn að finna borvél þá, sem hann hefði saknað í nokkurn tíma, og væri það vélin, sem ákærði hefði sett að veði í Söluskálanum. Ákærði kveðst þá hafa farið í vélsmiðjuna Hamar hér í bæ, þar sem Karl Kristján Hafsteinn vann, og spurt hann að því, hvort hann teldi sig vera búinn að finna borvél sína. Hafi hann kveðið svo vera. Ákærði neitar því að hafa viðhaft þau orð, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur eftir honum við þetta tækifæri og að ákærði hafi lagt að honum, að hann bjargaði honum út úr málinu, svo og að hann hafi lagt fast að honum að henn breytti framburði sínum í málinu. En ákærði viðurkennir að hafa sagt honum, að það kæmi sér illa fyrir hann (ákærða) að lenda í yfirheyrslum, og að hann muni ekki svo nákvæmlega, hvernig orð hans féllu í viðtalinu, að hann treysti sér til að tilfæra þau orðrétt.

Sigurður Berndsen hefur borið það, að fyrst á árinu 1946 og alls ekki síðar en í febrúar, hafi hann lánað ákærða 100 krónur og fengið rafmagnsborvél að handveði til tryggingar láninu. Hann hafi ekki tekið eftir því, að lykill fylgdi með vélinni, sem hafi verið eins og bronsuð að utan með sérstöku bronsi, og því hrjúf að utan. Ákærði hafi leyst vélina út seinni hluta sumars sama ár, en Sigurður kveðst þá ekki hafa fundið vélina, og hafi hann ekki afhent honum hana fyrr en í apríl eða maí s. l. Hann kveðst hvergi hafa ritað niður, hvenær hann tók við vélinni og skilaði henni aftur. Hefur Sigurði verið sýnd borvélin, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, og hefur hann, að lokinni athugun á henni, borið það, að það sé ekki sama borvél og hann fékk að handveði hjá ákærða, því að sú fyrrnefnda sé slétt að utan og óbronsuð, svo og, að því er hann minni, ekki eins stór. Ákærði kveður hins vegar, að lykill hafi fylgt vél þeirri, sem hann veðsetti Sigurði, og hafi lykillinn verið bundinn við snúruna hjá klónni. Þá neitar hann því, að hann hafi bronsað þá vél eða að hún hafi verið bronsuð.

Rétturinn hefur tilnefnt þá Guðjón Guðmundsson starfsmann

hjá rafmagnseftirliti ríkisins og Eirík Ormsson rafvirkjameistara til að skoða þær tvær klær og lykil, sem Karl Kristján Hafsteinn Ólafsson hefur lagt fram í málinu, og bera saman við rafmagnsborvél þá, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum. Hafa þeir skilað skriflegu álitu, sem þeir hafa staðfest fyrir rréttinum, og hljóðar þannig:

„Reykjavík, 26. sept. 1947. Við undirritaðir, tilnefndir af yður hinn 19. þ. m., vegna réttarrannsóknar yfir Haraldi Kjartanssyni, höfum gert athuganir á eftirtöldum gögnum, sem við tókum við hjá yður:

- 1) Rafmagnsborvél, merkt: 220 volts U.S. — Current A.C. or D.C. Type 14 A.R.S. — Capacity 1/4 — R. M. P. 2500 — Amps 9 — Serial no 306186 — The United States Electrical Tool Co. Cincinnati, 0. U.S.A.
- 2) Hluta af kvísl — aðeins einangrunin, en ekki tindar — merkt: Belden Cicago pat. Appld. For.
- 3) Kvísl, merkt D 6 A 250 v.
- 4) Lausan lykil fyrir bor „patronu“

Niðurstaðan af athugunum okkar eru þessi:

- I. a) Þrátt fyrir itrekaðar eftirgrennsanir hefur okkur ekki tekizt að fá óvæfengjanlegar upplýsingar um nákvæma tegund þeirra upphaflegu kvísla, sem voru á aðtaugum þessara borvéla frá verksmiðjunni, og þær væntanlega hafa verið seldar með hér.
- b) Kvísl sú, er var á aðtaug tækisins, þegar við tókum við því, merkt 6 A, 250 V.K., er með sívölum tindum og einangrun úr svörtu „bakalite“, algengur evrópiskur „standard“, þegar er kvísl af gamalli gerð, sem okkur er ekki kunnugt um að flutzt hafi til landsins árum saman. Kvíslin virðist enn fremur bera þess merki að hafa alloft verið tengd á taugar. Það eru engar líkur fyrir, að þessi kvísl hafi verið á tækinu, þegar það var keypt.
- c) Á aðtaug þessa tækis hefur í upphafi án efa verið kvísl af „amerískri“ gerð, kvísl með flötum tindum. Aðtaugin ber þess merki að hafa verið tin-kveikt við kvíslartindana.
- d) „Belden“ kvíslin er af amerískri gerð fyrir flata tinda, en eins og að framan getur, fylgdu tindarnir ekki með henni, en allar líkur benda til þess að þeir hafi verið gerðir fyrir kveikingu aðtaugar, en ekki gert ráð fyrir skrufufestingu. Einnig er þessi kvísl gerð með gegntaksgati fyrir grunn-tengingartaug og má ætla, að slík kvísl hafi verið á tækinu. Teljum við mjög sennilegt, að á aðtaug tækisins, þegar það var keypt, hafi verið kvísl af slíkri gerð og „Belden“ kvíslin. Hins vegar eru þetta all algengar kvíslar, sem flutzt hafa inn með amerískum handverkfærum.

Hinar kvíslarnar báðar, eru eins og fyrr segir, af gamalli

gerð, en voru mjög algengar hér á landi fyrir 8—12 árum síðan, og er vafalaust allmikið í gangi af þeim enn þá. Þær eru hins vegar ekki báðar af nákvæmlega sömu tegund.

- II. Lykill sá að „patrónu“ vélarinnar, sem við fengum í hendur, virðist ganga greiðlega að henni og er merktur sama firma — Jakobs — og sömu tölu, 7. Það eru því allar líkur fyrir, að hann sé frá vél með sams konar „Patrónu“ og þessi er.“

Starfsmenn þeir, sem hafa verið sölubúð Slippfélagsins á Mýrar-götu 2 síðan í marz 1946, þeir Magnús Jónsson verzlunarstjóri og Sigurgeir Kristjánsson, Jóhann Ingvarsson og Guðbrandur Þorsteinsson verzlunarmenn hafa borið vitni í málinu. Magnús Jónsson hefur upplýst það, að vélar af sömu stærð og gerð og sú borvél er, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum frá United States Electrical Tool Company, hafi verið til sölu í verzluninni árin 1946 og 1947, eins og hér segir:

24. janúar 1946	8 stk. og útsöluverð vélar	 kr.	304.30
29. október 1946	10 stk. og útsöluverð vélar	 —	293.40
8. febrúar 1947	6 stk. og útsöluverð vélar	 —	302.20

Séu vélar þessar af minnstu gerð, óbronsaðar og með amerískri kló, eins og klóin, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur lagt fram í málinu.

Verzlunarmennirnir þrír kannast allir vel við ákærða, því að hann hafi mjög oft komið í verzlunina til að kaupa bolta og skrúfur fyrir Ingimar Þorsteinsson, sem hefur verkstæði þarna skammt frá, og fullyrða þeir allir hver í sínu lagi, að þeir hafi ekki selt ákærða rafmagnsborvél eða vitað til þess, að hann keypti slíka vél í verzluninni. Verzlunarstjórinn Magnús kannast ekki við ákærða og getur því ekki sagt, um hvort hann muni hafa keypt rafmagnsborvél í verzluninni, en hann man ekki til þess að svo hafi verið.

Verzlunarstjórinn og verzlunarmennirnir allir þrír kannast hins vegar vel við Karl Kristján Hafstein Ólafsson. Kveðst verzlunarstjórinn muna það alveg greinilega að hann hafi fastlega verið að ráðgera seint á árinu 1946 eða allra fyrst á árinu 1947 að kaupa um 300 króna rafmagnsborvél, þ. e. vél frá United States Electrical Tool Company í verzluninni, og muni Sigurgeir Kristjánsson hafa afgreitt hann með vélina. Heldur verzlunarstjórinn, að vél sú, sem Karl Kristján Hafsteinn muni hafa keypt, hafi verið úr sendingu þeirri, sem kom í verzlunina 7. febrúar s. l., og tekur fram, að þar á undan hafi vélarnar ekki fengizt í tæpa tvo mánuði. Þá sé engan veginn útilokað, að vélin hafi verið seld honum á 304 krónur sakir misminnis manns þess, sem afgreiddi hann, um verð vélarinnar, enda margs konar verð á vörum í verzluninni, og verðið ekki skrifað við hvern hlut.

Sigurgeir Kristjánsson hefur borið það, að Karl Kristján Hafsteinn hafi seinni hluta s. l. árs verið fastlega að ráðgera að kaupa eins rafmagnsborvél og þá, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum.

Minnir hann, að úr þessum kaupum hafi orðið eftir s. l. áramót, þó að hann geti ekki beinlínis fullyrt um það, vegna þess hve langt sé um liðið síðan. Slíkar vélar hafi þá kostnað rúmlega 302 krónur, en vera megi, að sakir misminnis hafi einhverjum verið seld vél á 304 krónur.

Guðbrand Þorsteinsson minnir, að Karl Kristján Hafsteinn hafi einhvern tíma verið að hugsa um að kaupa rafmagnsborvél í verzluninni, en veit ekki fyrir vist, hvort nokkuð hafi orðið úr því. Jóhann Ingvarsson veit ekki til þess, að Karl Kristján Hafsteinn hafi keypt rafmagnsborvél í verzluninni.

Verður nú athugað, hvort ákærði hefur brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn honum fyrir brot á.

Eins og áður hefur verið dregið á, kveðst ákærði hafa keypt rafmagnsborvél þá, sem hann veðsetti í Söluskálanum, í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2, að hann minnir í ágúst eða eitthvað fyrr um samarið 1946 og hafi verð vélarinnar verið 260—270 krónur. Upplýst er þó, að engar borvélar voru seldar í verzluninni á þeim tíma með því verði, og samkvæmt því, sem allir starfsmenn verzlunarinnar fullyrða, hafa þeir ekki selt honum slíka vél. Þá kveðst ákærði hafa veðsett Sigurði Berndsen vélina nokkru eftir að hann hafi keypt hana og hafi hann þá ekki verið búinn að breyta henni á nokkurn hátt, nema setja nýja kló á snúru hennar. Sigurður staðhæfir hins vegar, að það hafi alls ekki verið síðar en í febrúar 1946, sem ákærði hafi veðsett honum rafmagnsborvél, og hafi það ekki verið sú vél, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, því að hin fyrrnefnda hafi verið bronsuð að utan með sérstöku bronsi og því hrjuf að utan, en hin síðarnefnda er slétt að utan og óbronsuð, auk þess sem hann minni, að sú hafi ekki verið eins stór og hin fyrrnefnda. Loks kveðst Sigurður ekki hafa tekið eftir því, að lykill hafi fylgt vélinni, en ákærði hefur haldið því fram, að svo hafi verið.

Á hinn bóginn telur Karl Kristján Hafsteinn Ólafsson, að vél sú, sem ákærði veðsetti í Söluskálanum, sé eins vél og vél sín, sem hann geymdi í kompunni hjá Ingimar Þorsteinssyni, og kveðst hann hafa keypt vélina fyrir 304 krónur í sölubúð Slippfélagsins á Mýrargötu 2 s. l. vetur, ekki síðar en í marz, og minnir hann, að Sigurgeir Kristjánsson hafi afgreitt hann. Styrkja framburðir starfsmanna verzlunarinnar mjög framburð hans um kaup vélarinnar, því að bæði verzlunarstjórann og Sigurgeir minnir, að hann hafi keypt vél í verzluninni eftir s. l. áramót, þegar verð þeirra var kr. 302.20, en vera megi, að honum hafi verið gert að greiða 304 krónur vegna misminnis um verðið. Þá hefur Karl Kristján Hafsteinn lagt fram lykil, sem hann kveður vera að umræddri vél, kló, sem hann hafi tekið af snúru vélarinnar, svo og aðra kló, sem hann telur að sé sömu gerðar og kló sú, sem sé á snúru vélarinnar.

Samkvæmt álitsgerð hinna dómkvöddu manna, þeirra Guðjóns Guðmundssonar og Eiríks Ormssonar, hefur ákærði að visu ekki lagt fram kló af nákvæmlega sömu tegund og sú er, sem nú er á snúrunni, og ekki er heldur sannað svo að öyggjandi sé, að hann hafi lagt fram lykíl vélarinnar og kló þá, sem upphaflega var á snúru hennar, en þó er ekki aðeins vel mögulegt, heldur einnig eftir atvikum ekki ósennilegt, að svo sé. Loks hefur ákærði mót-mælt því að hafa viðhaft orð þau, sem Karl Kristján Hafsteinn hefur eftir honum í samtali þeirra í Hamri, og að hafa þá kannazt við að hafa tekið borvélina úr kompunni, en hefur þó viðurkennt, að hann muni ekki svo nákvæmlega, hvernig orð hans féllu í sam-talinu, að hann treysti sér til að tilfæra þau orðrétt.

Þau atriði, sem nú hafa verið greind og borin saman úr fram-burðum þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið, og öðru því, sem komið hefur fram í málinu, þykja sýna ekki einungis það, að framburður ákærða um það, hvernig og hvenær hann hafi fengið borvél þá, sem hann veðsetti í Söluskálanum, sé rangur, heldur einnig það, að sú vél sé einmitt borvél Karls Kristjáns Hafsteins, sem hvarf úr kompunni í járnsmiðju Ingimars Þorsteinssonar. Þegar svo hér við bætist það, að ákærði hefur sjö sinnum sætt refsingu fyrir þjófnað, vann í járnsmiðjunni á þeim tíma, er vélin hvarf þaðan, og hann vissi af vélinni í kompunni, sem var ólæst, svo og að hann hafði lykíl að járnsmiðjunni og gat því komið inn í hana hvort heldur að nóttu eða degi og þá þar með einnig inn í komp-una, verður að telja, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi tekið vélina þar, og þá í þeim tilgangi að slá eign sinni á hana. Varðar sú háttsemi hans við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans, með hliðsjón af fyrri afbrotaferli hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi vegna máls þess frá 3. september s. l. til 7. þ. m., en eigi þykja skilyrði vera fyrir því að gæzlu-varðhaldið komi til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Haraldur Kjartansson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1948.

Nr. 147/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Kristjáni G. Gíslasyni, Arnbirni Óskarssyni
og Lárusi Guðjóni Lúðvígssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 6. apríl 1946 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík endurrit réttarrannsóknar, er hann hafði haldið út af ætluðu verðlagsbroti heildverzlunarinnar Kristjáns Gíslasonar & Co. h/f. Jafnframt lagði ráðuneytið fyrir sakadómara að halda áfram rannsókn málsins og höfða síðan mál gegn þeim Kristján G. Gíslasyni, Laufásvegi 64, Lárusi G. Lúðvígssyni, Hringbraut 191, og Arnbirni Óskarssyni, Víðimel 48, fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni, gjaldeyrislöggjöfinni og XV. kafla hegningarlaganna.“ Hinn 9. apríl 1946 komu ákærðu fyrir lögregluðóm Reykjavíkur. Þar var þeim birt bréf ráðuneytisins og tilkynnt, að mál væri höfðað gegn þeim fyrir brot gegn „XV. kafla hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940, verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni.“ Sama dag var auka-réttarstefna gefin út og birt hinum ákærðu. Í stefnunni er því lýst, að mál sé höfðað fyrir brot gegn „verðlagslöggjöfinni og gjaldeyrislöggjöfinni“ auk nefnds kafla hegningarlaganna.

Í skipan dómsmálaráðuneytisins, tilkynningu dómara um málshöfðun og stefnu er eigi vitnað til tiltekinna og ákveðinna lagaákvæða, er ákærðu séu sóttir eftir, að því er ætlað brot þeirra gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf varðar. Þetta